


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>Lyfjafræði LYF 103</b>	
Síða 1 af 2	<b>Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	

**Kennari:** María Albína Tryggvadóttir (MAL), netfang: [maria@vma.is](mailto:maria@vma.is) .

**Meginmarkmið:**

Að nemandi þekki verkanir og aukaverkanir lyfja í nokkrum stórum lyfjaflokkum og kannist við helstu skammtastærðir þeirra og milliverkanir. Að nemandi kynnist ýmsum mikilvægum þáttum sem tengjast lyfjafræði, svo sem lyfjaskrá, lyfjaformum og frásogi, dreifingu og útskilnaði lyfja.

**Áfangalýsing:**

Þessi áfangi er blanda af almennri lyfjafræði, lyfjahvarfafræði og lyfhrifafræði. Aðal áherslan er lögð á lyfhrifafræðina, þ.e. lyfjaflokkana. Í áfanganum er farið í helstu maga- og þarmalyf, öndunarfæralyf, húðlyf, tauga- og geðlyf, sykursýkislyf, hjarta- og æðasjúkdómalyf. Einnig er farið almennt í lyfjaskrár og nemandi lærir að leita upplýsinga um lyf í Sérlyfjaskrá. Farið er stuttlega í ATC-flokkunarkerfið og í geymslu og fyrningu lyfja. Útskýrð eru ýmis atriði sem tengjast lyfjafræði, svo sem almenn verkun, staðbundin verkun, aðgengi lyfja “first-pass” áhrif, helmingunartími, læknisfræðilegur stuðull og blóðstyrkskúrfur. Einnig er farið í mismunandi lyfjaform.

**Námsgögn:**

**Bók:** Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Tilraunaútgáfa, Reykjavík 2014.

**Annað:** Etv. greinar sem tengjast efni áfangans.

Ýmsar vefsíður er tengjast efni áfangans

**Námsmat:**

Hópverkefni: Unnið með einn lyfjaflokk

Verkefni: 3 verkefni

Lokapróf: Skriflegt lokapróf í mai.

Annarpróf: Eitt annarpróf.

**Vægi:**


10%

15%

60%

15%

Nemandi þarf að ná 4 á lokaprófi til þess að vetrareinkunn reiknist inn í lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Lyfjafræði LYF 103</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	

Lotur	Námsefni	Lesefni og námsmat
1. lota.	Kynning á áfanganum, námsefni og fyrirkomulagi. Almenn verkun / staðbundin verkun / lyfjagjafir / lyfjaform. Helstu grunnhugtök tengd lyfjafræði. Sérlyfjaskrá- Aldraðir og meðferðarheldni.	1.-3. kafli  Verkefni
2. lota.	Maga og þarmalyf Verkjalyf / bólgueyðandi lyf	4-5. kafli  Verkefni
3. lota.	Öndunarfæralyf Húðlyf Róandi lyf / svefnlyf / geðdeyfðarlyf / sefandi lyf	6-8. kafli  Miðannar próf  Verkefni
4. lota.	Lyf við hjarta- og æðasjúkdómum Sykursýkislyf Undirbúningur fyrir próf	9-10. kafli  Verkefni

Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á kennsluáætlun.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils